

### Áfangalýsing

Í áfanganum fá nemendur þjálfun í öllum færnipáttum tungumálsins auk þess sem þeir kynna sér danska menningu og siði. Áhersla er lögð á að nemendur bæti orðaforða sinn og æfist í notkun málsins bæði munnlega og skriflega. Áfanginn byggir að mestu á þemavinnu nemenda og viðfangsefni fara að nokkru leyti eftir áhugasviði nemenda og stöðu þeirra í tungumálinu. Nemendur vinna meðal annars að eigin markmiðum og þjálfast í að leggja mat á vinnu sína.

### Áfangamarkmið

**Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:**

- danska menningarsvæðinu og hvernig danska nýttist á norræna menningarsvæðinu almennt
- orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum áfangans
- grundvallarþáttum málkerfisins
- formgerð og byggingu texta í töluðu og rituðu máli

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- skilja talað mál um kunnugleg efni þegar talað er skýrt og áheyrilega
- lesa ýmis konar texta á eigin áhugasviði eða texta um kunnugleg efni og beita þeim lestraraðferðum sem við eiga eftir gerð textans eða viðfangsefnisins
- taka þátt í almennum samræðum um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á og beita kurteisisvenjum, málvenjum og hljómfalli við hæfi
- segja frá á skýran hátt með því að beita orðaforða, málvenjum, framburði, áherslum og hljómfalli á sem réttastan hátt
- skrifa samfelldan texta um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á og nota viðeigandi málfar
- fara eftir grundvallarreglum sem gilda um ritað mál
- nota upplýsingatækni og hjálpargögn í tungumálanámi

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- fylgjast með frásögnum um almenn efni
- ná aðalatriðum úr fjölmiðlum og nýta sér þau, þegar fjallað er um kunnugleg efni
- tileinka sér aðalatriðin í styttri lestextum og nýta á mismunandi hátt
- lesa sér til ánægju og þroska skáldskap af hæfilegu þyngdarstigi
- ráða við mismunandi aðstæður í almennum samskiptum um kunnugleg efni
- útskýra og rökstyðja skoðanir sínar
- miðla eigin þekkingu og skoðunum á efni sem hann hefur kynnt sér
- skrifa um áhugamál sín og kunnugleg efni
- leysa úr viðfangsefnum einn eða í samstarfi við aðra
- þróa með sér aga, metnað, ábyrgð og jákvæðni í vinnubrögðum
- meta eigið vinnuframlag

## Kennsluáferðir og vinnulag

Nemendur vinna fjölbreytt verkefni, ýmist hópa- og paraverkefni eða einstaklingsverkefni, bæði munnleg og skrifleg. Nemendur nota sjálfsmatsskala Evrópsku tungumálamöppunnar til að setja sér persónuleg markmið og fylgjast með framförum í náminu. Efnisval og skilaform verkefna verður að hluta til í höndum nemenda í samræmi við markmið þeirra.

## Námsefni

Val um tvær skáldsögur:

Kenneth Bøgh Andersen: *De hvide mænd*  
eða Julie Clausen: 2.

Ljósritað hefti (fæst í afgreiðslu skólans)

Annað námsefni í samráði við kennara

Nemendur þurfa að hafa aðgang að góðri orðabók

## Vikuáætlun

vika 1	31. jan – 1. feb	Kynning á áfanga
vika 2	4. - 8. feb	Kynning á áfanga, upprifjun
vika 3	11. - 15. feb	Upprifjun – ETM – verkefni úr DR
vika 4	18. - 22. feb	ETM
vika 5	25. - 1. mars	Smásaga 1
vika 6	4. - 8. mars	Rejser (náms- og starfskynning)
vika 7	11. - 15. mars	Rejser
vika 8	18. - 22. mars	Rejser
vika 9	3. - 5. apríl	Smásaga 2 (3 dagar e. páskafrí)
vika 10	8. - 12. apríl	Smásaga 2, munnlegt verkefni úr skáldsögu
vika 11	15. - 19. apr	Krop og sjæl
vika 12	22. - 26. apr	Krop og sjæl
vika 13	29. apr – 3. maí	Skáldsaga – skriflegt verkefni
vika 14	6. - 10. maí	Typisk dansk
vika 15	13. - 17. maí	Kvikmynd
vika 16	21. - 24. maí	Lausir endar, uppgjör

## Námsmat

Rejser	15%	(hópverkefni)
Krop og sjæl	20%	(hópverkefni)
Smásaga 2	5%	(einstaklings- eða paraverkefni)
Skáldsaga	15%	(samtal 5%, skriflegt 10%) (einstaklingsverkefni)
Musik	5%	(hópverkefni)
Typisk dansk	2,5%	(einstaklings- eða paraverkefni)

Kvikmynd	7,5 % (einstaklings- eða paraverkefni)
Vinnuskýrslur	15% (einstaklingsverkefni)
Vinnueinkunn	5% (skil smáverkefna og ástundun)
Vinumappa	10% (einstaklingsverkefni)

Áfanginn er símatsáfangi án lokaprófs. Sé verkefnum skilað of seint lækkar einkunn.

Fyrirvari er áskilinn til breytinga á fyrirkomulagi námsmats, ef sérstakar aðstæður krefjast.